

Breytingartillögur

við till. til þál. um ferðamálaáætlun 2011–2020.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Á eftir orðinu „ferðamannatímabilið“ í b-lið 1. mgr. komi: um land allt.
2. Í stað orðsins „Leyfismál“ í d-lið 1. tölul. 2. mgr. komi: Leyfis- og öryggismál.
3. Við 1. tölul. 2. mgr. bætist tveir nýir stafliðir er orðist svo:
 - e. Samgöngur eru mikilvægasta forsenda allrar ferðaþjónustu á Íslandi og mikilvægt að við áætlanagerð og framkvæmdir í tengslum við samgöngumál verði tekið tillit til hagsmuna ferðaþjónustunnar.
 - f. Unnin verði viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara fyrir ferðaþjónustuna sem byggist á reynslu af þeim tveimur eldgosum sem valdið hafa töluverðum truflunum á flugi og öðrum samgöngum.
4. Í stað orðanna „frumkvæði að“ í b-lið 2. tölul. 2. mgr. komi: yfirsýn yfir.
5. Við b-lið 2. tölul. 2. mgr. bætist: í samvinnu við Hagstofu Íslands, háskóla og Rannsóknamiðstöð ferðamála.
6. Á eftir b-lið 2. tölul. 2. mgr. komi nýr stafliður er orðist svo: Hagstofa Íslands beri ábyrgð á opinberri hagskýrslugerð í ferðaþjónustu samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði hagskýrslugerðar í ferðaþjónustu.